

AÐALFUNDUR VÍSINDAGARÐA HÁSKÓLA ÍSLANDS EHF. 2017, SKV. GR. 3.2 Í SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

Fimmtudaginn 8. júní 2017 var haldinn aðalfundur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. (VGHÍ) 2017. Fundurinn var haldinn í stofu 101 á Háskólatorgi Háskóla Íslands (HÍ) og hófst kl. 15.00.

Fundinn sátu Jón Atli Benediktsson, rektor og forseti háskólaráðs HÍ, Hilmar Bragi Janusson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ og formaður stjórnar VGHÍ, Eiríkur Hilmarsson, framkvæmdastjóri VGHÍ, Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor og fulltrúi HÍ í stjórn VGHÍ, Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs hjá Advania og fulltrúi HÍ í stjórn VGHÍ, Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn VGHÍ, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor og aðstoðarrektor vísinda við HÍ, Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs HÍ, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu HÍ, Einar Mäntylä, verkefnisstjóri á vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ og Guðmundur Kjartansson, endurskoðandi.

Hilmar B. Janusson setti fundinn og óskaði eftir því að Jón Atli Benediktsson tæki við fundarstjórn.

– Samþykkt einróma.

Rektor tók við fundarstjórn og greindi frá því að boðað hefði verið til þessa aðalfundar í samræmi við gr. 3.2 í samþykktum félagsins. Til fundarins voru mættir fulltrúar beggja hluthafa, Háskóla Íslands [94,6% hlutur] og Reykjavíkurborgar [5,4% hlutur]. Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan og lagði til að Magnús Diðrik Baldursson yrði fundarritari.

– Samþykkt einróma.

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

Hilmar Bragi Janusson og Eiríkur Hilmarsson skýrðu frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári. Að framsögu þeirra Hilmars Braga og Eiríks lokinni var málið rætt og svöruðu þeir spurningum.

– Skýrsla stjórnar VGHÍ samþykkt einróma.

2. Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðanda lagður fram til samþykktar.

Fyrir fundinum lá ársreikningur VGHÍ 2016, áritaður af ríkisendurskoðanda. Eiríkur fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum er fram komu.

– Ársreikningur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. fyrir árið 2016 samþykktur einróma.

3. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda eða skoðunarmanna.

Samkvæmt samþykktum fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. eru fimm menn í stjórn sem kjörin er á aðalfundi ár hvert. Fulltrúar Háskóla Íslands eru fjórir og fulltrúi Reykjavíkurborgar einn. Fyrir fundinum lá tillaga um að stjórn VGHÍ verði þannig skipuð til næsta aðalfundar: Hilmar Bragi Janusson, formaður (fulltrúi HÍ), Einar Mäntylä (fulltrúi HÍ), Eva Sóley Guðbjörnsdóttir (fulltrúi HÍ), Steinunn J. Kristjánsdóttir (fulltrúi HÍ). Til vara: Kristín Pétursdóttir, forstjóri Mentor ehf. og stjórnarformaður Virðingar (1. varamaður), Sigurður Magnús Garðarsson (2. varamaður). Fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn verði Hrólfur Jónsson.

– Samþykkt einróma.

Ríkisendurskoðun annist endurskoðun ársreiknings.

– Samþykkt einróma.

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Samkvæmt samþykktum VGHÍ má einungis ráðstafa hagnaði og eignum þess í þágu tilgangs félagsins og er ekki heimilt að taka hagnað eða arð út úr félaginu. Fram kom að lögð verður áhersla á að ráðstafa hagnaði af rekstri félagsins til að greiða niður skuldir þess.

5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að stjórnarmönnum verði greidd stjórnarlaun að upphæð 54.000 kr. á mánuði og formanni verði greiddar 108.000 kr. á mánuði.

– Samþykkt einróma.

6. Önnur mál löglega upp borin.

Engin önnur mál voru borin upp. Hrólfur Jónsson bar fundarmönnum kveðju borgarstjóra lýsti ánægju með störf VGHÍ. Rektor tók undir með Hrólfi og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum góð störf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna.

Fleira var ekki gert. Aðalfundi Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. 2017 slitið kl. 15.40.